

Mál nr. 215/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skilyrði þess að bótakrafa erfist. Krafa um bætur fyrir þjáningar og varanlegan miska

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 15. ágúst 2025.
3. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. október 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 30. október 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 7. febrúar 2019 hafi faðir M, X, lent í árekstri. Ekki virðist ágreiningur um að X átti bótarétt úr slysátryggingu eiganda og ökumanns vegna afleiðinga árekstursins. Í kjölfar slyssins undirrituðu aðilar sameiginlega matsbeiðni þann 1. febrúar 2024. Í matsgerð, dags. 5. september 2024, komust matsmenn m.a. að þeirri niðurstöðu að X hafi verið veikur vegna afleiðinga slyssins frá slysdegi til 7. október 2019 þar af veikur og rúmfastur frá slysdegi til 12. apríl sama ár. Þá töldu matsmenn varanlegan miska X hafa verið 25 stig. X lést 22. ágúst 2024 af orsökum sem voru slysinu óviðkomandi, þ.e. áður en niðurstaða matsmanna lá fyrir.

Í málskoti kemur fram að M telja að þau eigi sem erfingjar X rétt á að fá greiddar bætur úr tryggingunni hjá V til samræmis við framangreinda niðurstöðu matsmanna. Vísa þau í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 máli sínu til stuðnings. Vilja M meina að með því að taka þátt í að láta meta afleiðingar slyssins hafi V viðurkennt bótakröfu þeirra í skilningi framangreinds ákvæðis skaðabótalaga. Þá hafi V ekki mótmælt niðurstöðu matsgerðarinnar efnislega. M vísar einnig í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 429/2022 máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V, dags. 15. ágúst 2025, er því hafnað að bótakrafan erfist enda séu skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga ekki uppfyllt. Telur V að það eitt að V hafi staðið að mati á afleiðingum slyssins geti ekki falið í sér viðurkenningu á kröfu M um þjáningabætur og bætur fyrir varanlegan miska. Byggir V á því að þó félagið hafi tekið þátt í að óska eftir mati jafngildi það ekki viðurkenningu á bótarétti M af hálfu V. Bendir V jafnframt á að almennt séð hefðu næstu skref félagsins til að mynda getað verið að afla mats dómkvaddra matsmanna. V hafi með engum hætti gefið í skyn að það myndi una matsgerðinni eða fallast á bótakröfuna. Hvað varðar úrskurð nefndarinnar í máli nr. 429/2022 þá kemur fram að V lýsti því yfir á sínum tíma að það væri ósammála þeim úrskurði og myndi ekki hlíta honum. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-901/2018.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 10. október 2025, eru fyrri rök ítrekuð og færð fram gagnrök við því sem fram kemur í framangreindum athugasemdum V.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 30. október 2025, eru fyrri rök félagsins ítrekuð. Auk þess bendir V m.a. á Hrd. í málum nr. 77/2008 og 449/2008 því til stuðnings að túlka beri þau skilyrði í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga um að krafa hafi verið viðurkennd með þeim hætti sem V byggir á. Ítrekar V því þá afstöðu sína að það skilyrði sé ekki uppfyllt í tilviki kröfu M.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga erfist krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í sakamáli. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort krafan um bætur vegna þjáningar og varanlegs miska hafi verið viðurkennd í skilningi þessa ákvæðis. Skýringar í greinargerð með umræddu ákvæði veita ekki skýrar leiðbeiningar varðandi það hvers kyns athafnir leiði til þess að krafa teljist viðurkennd en samkvæmt orðalagi ákvæðisins er ljóst að það er ekki nauðsynlegt að mál hafi verið höfðað til heimtu eða viðurkenningar hennar.

Hlýtur þá að koma til skoðunar og mats nefndarinnar hvort V hafi með atferli sínu viðurkennt kröfuna, en fyrir liggur að niðurstaða matsmanna lá ekki fyrir þegar X lést. Fyrirliggjandi er matsbeiðni, dags. 1. febrúar 2024, sem er undirrituð fyrir hönd V og X. Verður því að líta svo á að aðilar hafi komið sér

saman um matsmenn og staðið saman að matsbeiðninni, þ.á.m. þeim spurningum sem þar eru settar fram. Því liggur fyrir að V féllst á að taka þátt í mati á afleiðingum hins bótaskylda atburðar. Matsgerð á grundvelli framangreindrar beiðni er dags. 5. september 2024 og verður ekki séð að neinir annmarkar séu á þeirri aðferðafræði sem var beitt við matið né hefur því verið borið við af hálfu V.

Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að með athöfnum sínum hafi V í raun viðurkennt kröfuna sem slíka. Af öllu framansögðu er það því mat nefndarinnar að skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga um að krafa hafi verið viðurkennd sé uppfyllt. Telur nefndin að það að niðurstaða matsmanna hafi ekki legið fyrir við andlát X breyti ekki framangreindu. Hér vísast einnig til fyrri úrskurða nefndarinnar í málum nr. 429/2022 og 134/2025.

Niðurstaða.

Krafa X um þjáningabætur og bætur fyrir varanlegan miska úr slysatryggingu eiganda og ökumanns A hjá V erfist samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík, 18. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir